

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 18. janúar 2012 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 18⁰⁰ í Bjarmanesi.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Sjóvarnir

Fyrir fundinum lá bréf Siglingastofnunar dags. 09.01.2012 þar sem kynnt er meðfylgjandi yfirlitsskýrsla um sjóvarnir. Í skýrslunni eru sjóvarnir flokkaðar í áhættu eða áhersluflokka A, B, C og D. Á Skagaströnd er gert ráð fyrir sjóvörnum á tveimur stöðum, við Sólvang og Landsenda sem báðir falla í flokk C. Í skýrslunni er ekki tekin afstaða til hvenær reikna megi með sjóvörn en hver framkvæmd er kostnaðarmetin og kemur fram að 11 verkefni í áhættuflokkum A og B-C er metin á um 500 milljónir og 55 verkefni í flokki C eru kostnaðarmetin á 420 milljónir.

Skýrslan var til kynningar

2. Bréf:

a) Húnavatnshrepps, dags. 4. janúar 2012

Með bréfinu er kynnt samþykkt hreppsnefndar um að senda erindi þess efnis til annarra sveitarfélaga í A-Hún að samþykktir byggðasamlaga og nefnda sem sveitarfélögin reka saman verði endurskoðuð og að sérstaklega verði farið yfir kostnaðarskiptingu er varðar skatttekjur sveitarfélaganna.

Samþykkt að komið verði á sameiginlegum fundi sveitarstjórna í héraði til að fara yfir sameiginleg mál.

b) UMFÍ, dags. 3. janúar 2012

Í bréfinu er kynnt ályktun 47. sambandsþings UMFÍ þar sem stjórn var falið að leita eftir samningum við sveitarfélög, skóla og gistiheimili um afsláttarkjör á gistingu fyrir ungmennafélaga og hópa sem eru í íþróttakeppnum.

Samþykkt að veita íþróttahópum sem koma til æfinga eða keppni hagstæð kjör á því svefnpokaplássi sem telst vera á vegum sveitarfélagsins í skóla og félagsheimili.

3. Fundargerðir:

a) Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún, 1.12.2012

Fundargerðin var til kynningar

b) Stjórnar SSSNV, 22.12.2012

Fundargerðin var til kynningar

c) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 15.12.2012

Fundargerðin var til kynningar

4. Byggðakvóti 2012

Fyrir fundinum lá tillaga um sérstök skilyrði fyrir byggðakvóta, sbr. 3. dagskrárlið fundar sveitarstjórnar 28. desember 2011.

Péturína og Jensína viku af fundi eftir að hafa lýst vanhæfi sínu til að fjalla um breyttar reglur um byggðakvóta vegna vensla við útgerðaraðila sem málið gæti varðað.

Oddviti kynnti tillögu að sérstökum skilyrðum og fór yfir hvað áhrif þau kynnu að hafa á úthlutun og nýtingu byggðakvóta.

Tillagan var rædd en síðan samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál

Rætt var um hitaveitumál og kom m.a. fram að Rarik fyrirhugar að halda almennan kynningarfund 1. febrúar nk.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18⁴⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson